

Mál nr. 212/2001

M

og

Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar R

Slys þegar starfsmaður var að hreinsa klaka úr tröppum þ. 11.1.2001..

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.25.10. 2001.ásamt fskj. 1-5
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 937/01.
3. Bréf Vátryggingafélagsins V dags. 11.11.2001 ásamt fskj. 1-11.
4. Bréf lögmanns M dags. 12.11.2001.

Málsatvik.

M starfsmaður leikskóla sem R rekur var að hreinsa klaka af steinsteyptum tröppum á svæðinu með skóflu og heitu vatni. M var klædd leðurskóm með grófum botni. Til að fjarlægja klakann fór M upp í efstu tröppu og hellti vatni niður tröppurnar. Þegar M ætlaði að fara niður að sækja meira vatn datt hún úr efsta þrepi og lenti á bakinu og slengdi hnakkanum í tröppurnar. Vinnueftirlitið gerir athugasemdir við tröppurnar í skýrslu dags. 28.6.2000 og bendir á að setja skuli handrið á tröppur í samræmi við byggingareglugerð og lagfæra niðurstig þar sem það sé of hátt eins og það sé núna. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu R hjá V og bendir á að umrætt starfsumhverfi sé ekki í samræmi við lög og reglur m.a. vegna þess að ekki sé handrið við tröppurnar en slíkt sé brot á 41.gr. reglna nr. 581/1995 um vinnustaði. Þá er einnig bent á gr. 202.10 í byggingareglugerð nr. 441/1998 þar sem segir “Á tröppum sem fara yfir einfalda gangbreidd skal ávallt vera handrið báðum megin.” og gr. 202.14 í sömu reglugerð þar sem segir “ Handrið skal að jafnaði setja báðum megin á útidyratröppum.” Af hálfu M er því haldið fram að húseigandi R beri ábyrgð á því að húseign sé hættalaus. V hafnar bótaskyldu þar sem að ekki sé sannað að slysið verði rakið til saknæmra mistaka starfsmanna R, ófullnægjandi aðstæðna á vinnustað eða annarra atvika eða aðstæðna. Þá telur V orsakatengsl ósönnuð milli slyssins og meints vanbúnaðar á tröppunum. Þá bendir V á að M hafi borið að beita öðrum aðferðum við klakahreinsun en þeim sem hún beitti.

Álit.

Skv. byggingareglugerð nr. 441/1998 gr. 2.2 gildir reglugerðin um hvers konar byggingar og mannvirki ofan jarðar og neðan og m.a. um gróður á lóðum og frágang lóða. Í gr. 2.5. í byggingareglugerðinni er tekið fram að ákvæði reglugerðarinnar séu lágmarksákvæði. Skv. gr. 202.10 segir að á tröppum sem fara yfir einfalda gangbreidd skuli vera handrið báðum megin en í ákvæðinu er kveðið á um að tröppur með einfaldri gangbreidd sem liggja að vegg megi vera eitt handrið. Í gr. 202.14 segir síðan að handrið skuli jafnan setja báðum megin á útidyratröppum, kjallaratröppum og öðrum tröppum í aðkomuleiðum að húsum. Ljóst er að þær tröppur sem hér ræðir um fullnægja ekki þeim kröfum sem gerðar eru í byggingareglugerð og ber R fulla ábyrgð á því. Hefðu umræddar steintröppur verið í samræmi við byggingareglugerð má ætla að M hefði náð að koma í veg fyrir slysið eða draga verulega úr afleiðingum þess. R ber ábyrgð á því að umræddar tröppur eru ekki í samræmi við lágmarksreglur og ber því skaðabótaábyrgð á tjóni M. Til þess ber að líta að M þekkti aðstæður vel og þykir ekki hafa gætt írustu varkárni við framkvæmd verksins og rétt þykir því að hún beri 1/3 tjónsins vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V vegna tjóns sína að 2/3 en ber 1/3 tjónsins sjálf vegna eigin sakar.

Reykjavík 5.12. 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.